

**Mál nr. 292/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A**

**Skráningarnúmer ökutækja A og B**

### **Orsakatengsl. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. september 2022, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að 16. júní 2021 hafi bifreiðinni A verið ekið inn í hlið bifreiðarinnar B sem M ók. M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á slysideild strax eftir slysið. Hann hafi kvartaði undan verkjum í hálsi, baki og mjóbaki, auk dofa í fingrum hægrri handar og var greindur með tognun og ofreynslu á háls hrygg og lendarhrygg auk kramningsáverka á úlnlið og hendi. Gefið hafi verið út óvinnufærnivottorð fyrir tímabilið 16.-20. júní 2021. M hafi leitað reglulega til heimilislæknis vegna slyssins sökum áframhaldandi áverka og hafi óvinnufærnivottorð verið gefið út 21.-27. febrúar 2022 auk þess sem beiðni hafi verið gefin út um sjúkraþjálfun. Þá hafi M verið sendur í MRI skoðun 14. mars 2022 sem hafi sýnt töluverðar slitbreytingar og síðar hafi verið gefið út óvinnufærnivottorð 18.-31. maí 2022.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að fyrirbyggjandi gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum ásamt því að vísa í skýrslu um hraða- og höggútreikning. M telur orsakatengsl vera fyrir hendi milli einkenna hans og slyssins og að gögn málsins sýni að hann hafi hlotið áverka í slysinu sem hann sé enn að glíma við m.a. læknisvottorð og læknisskoðanir. Þá hafi M verið óvinnufær í kjölfar slyssins og hafi reglulega óskað eftir óvinnufærnisvottorðum. Þá sé hann enn í sjúkraþjálfun og taki verkjalyf. Þá bendir M á að orsakatengsl samanstandi af nokkrum þáttum sem séu frásögn tjónþola ef hún samræmist læknisfræðilegum gögnum. M hafði áður leitað til heimilislæknis vegna einkenna í baki og mjóbaki en það hafi verið tímabundnir verkir vegna erfiðisvinnu. Að lokum bendir M á að ekki sé hægt að byggja á einhliða aflaðri skýrslu um högg- og hraðaútreikning enda sé um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða og M hafi ekki gefist kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Reikniforrit geti ekki skorið úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss séu einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og þyngd ökutækja en ekki sé tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta og líkamsstillingu við árekstur sem geti haft áhrif á afleiðingar á tjónþola eftir árekstra.

V telur að kraftur í tjónsatburðinum hafi ekki verið nægur til að valda skaða á líkama málskotsaðila og til þess beri að líta að nánast engar skemmdir hafi verið á bifreiðinni sem M var í. Verði að horfa til þess að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Því er hafnað að PC-crash skýrslan hafi verið einhliða aflað þar sem lögmanni M var kynnt þessi fyrirætlan og boðið að koma að athugasemdum. V bendir á að fjölmargar rannsóknir hafi sýnt að þegar um vægt högg er að ræða eins og í þessu tilfalli sé ómögulegt að ökumaður eða farþegar í þeirri bifreið sem fá á sig höggið verði fyrir varanlegu líkamstjóni. Þá eigi M langa sögu um stoðkerfisverki líkt og fram komi í sjúkraskrá sem nái aftur til 2016. Ekki liggi fyrir matsgerð óháðra matsmanna um líkamstjón af völdum slyssins. Meginreglur um sönnun í skaðabótarétti feli í sér að M verði að sýna fram á tjón sit og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Þá liggi ekki fyrir læknisfræðilegt mat eða greining á því hvor um orsakatengsl sé að ræða milli árekstursins og líkamlegra einkenna M.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 16. júní 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er að skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og ber honum að leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Það liggur fyrir að það var lítil ákoma á bifreið B þar sem M var ökumaður og að bifreiðin B er mikið stærri en A.

Því var ákoman neðarlega á bifreið B. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að M leitaði á bráðadeild og til heilsugæslu vegna afleiðinga slyssins. Einnig fór hann í MRI myndatöku og leitaði til sjúkraþjálfara. Af þessum gögnum verður þó ekki ráðið með skýrum hætti hvort meiðsl M leiði til þess að hann eigi rétt til bóta samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta vegna varanlegra afleiðinga slyssins. Ekki liggur heldur fyrir nein skoðunar- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um hvort þau líkamlegu einkenni sem M lýsir hafi langtímaáhrif og hafi valdið varanlegu tjóni. M hefur því ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og varanlegs tjóns. Því er bótaskyldu vegna líkamstjóns hafnað.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir